

Fundargerð

Foreldraráðsfundur

19. febrúar 2021

Sveinbjörg Davíðsdóttir leiðir fundinn, mættar eru Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir og Svava Hrund Einarsdóttir

Rætt er um skóladagatal fyrir veturinn 2021-2022

- Fyrsti starfsdagur 19. ágúst, þá verður lokað hálfan daginn. Undanfarin ár hefur þessi starfsdagur verið haldin að síðasta ári undanskildu, vegna Covid. Stefnt verður að því að halda þennan starfsdag í ár þar sem allir starfsmenn Mosfellsbæjar koma saman á starfsdegi. Haldnir verða fyrirlestrar og þess háttar.
- Leik- og grunnskólafræðsludagur 24. september, leikskóli lokaður allan daginn.
- 25. október er vetrarfrí hjá grunnskólum og starfsdagur hjá starfsfólki Leikskóla Hlaðhamra, lokað allan daginn
- 27. desember verður orlofsdagur, lokað allan daginn
- 3 janúar. Starfsdagur, lokað allan daginn
- 18. febrúar föstudagur, starfsdagur og lokað allan daginn

Skóladagatal hefur nú verið lagt fyrir á fundi og eru allir fundarmenn samþykkir því.

Önnur mál

Aftur er námsferð frestað vegna heimsfaraldrarins. Stefnt að næstu námsferð við fyrsta tækifæri.

Stytting vinnuvikunnar er hafin, komin í tvo og hálfan dag á viku, styttingin á sér stað fyrir kl 9 og eftir kl 14.

Næsta skref verður frá 1. apríl en þá á leikskólinn einn og hálfan tíma eftir til að uppfylla 4 klst styttinguna.

Sumarskólinn verður haldinn á Hlaðhömrum í ár, allir eiga að hafa fengið tölvupóst varðandi það. Sumarleyfi allra starfsmanna er nú 30 dagar, börnum býðst að taka 5. sumarfrísvíkuna þá þarf að sækja um það sérstaklega.

Ný uppfærsla á Karellen appinu var ekki til bóta. Appið virkaði ágætlega fyrir uppfærslu en miklir hnökrar eru í sendingum á skilaboðum og leikskólastjóri hefur ekki kost á að fá yfirsýn yfir mætingar og veikindi lengur heldur þarf að handtelja alla einstaklinga sjálf. Ekki mikil ánægja með nýju uppfærsluna.